

Eyþing. Áhersluverkefni 2017

Verkefni 2017 - 2	GERT - grunnmenntun efling í raunvísindum og tækni á Norðurlandi eystra.
Markmið	Mæta þörfum vinnumarkaðarins fyrir vel menntað starfsfólk á sviði raunvísinda og tækni.
Stutt verkefnislýsing	<p>Vel menntað starfsfólk á sviði raunvísinda og tækni er ein af forsendum aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar.</p> <p>Verkefnið felst í þekkingaryfirfærslu en um er að ræða hliðstætt verkefni og unnið er að á höfuðborgarsvæðinu og raunar víðar um land. Um er að ræða samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins (SI), Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Verkefninu er stýrt af verkefnastjóra hjá Samtökum iðnaðarins og er í stöðugri þróun. Sá verkefnastjóri myndi einnig sinna skólunum á Norðurlandi eystra með stuðningi atvinnuþróunarfélaganna og samstarfsaðila þeirra.</p> <p>SI hefur sett fram fjögur skilgreind megin markmið fyrir verkefnið, en þau eru: 1) Samráð og ákvarðanatöku á grundvelli rannsókna og gagna, 2) Aukinn áhugi og þekking nemenda á möguleikum raunvísinda og tækni, 3) Aukin hæfni kennara og bættir starfsþróunar- og símenntunarmöguleikar í raunvísindum og tækni, 4) Fjölbreyttir kennsluhættir og tengsl við atvinnulíf.</p> <p>Skilgreindir verkefnisþættir eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Fjölga GERT skólum á svæðinu en í dag eru aðeins tveir þeirra formlegir aðili að verkefninu. Jafnframt að fá fleiri fyrirtæki til þátttöku og í verkefninu á Norðurlandi eystra og efla tengsl skóla og atvinnulífs. ▪ Fá VMA og FabLab smiðjuna sem þar er til húsa til samstarfs, með það að markmiði að skapa tækifæri til náms/vinnu við frumgerðarsmið og vöruþróun. Einnig eru uppi áform um samstarf við Nýsköpunarmiðstöð í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. ▪ Leitað verður eftir viðtæku samstarfi við HA þar sem sérstök áhersla verður á að halda málþing/fundi um nýsköpun í skólakerfinu og mikilvægi forritunar. ▪ Leitað verður til grunn- og framhaldsskóla á svæðinu varðandi skipulagningu og framkvæmd á starfamesu, þar sem fyrirtæki og framhaldsskólar kynna nemendum á efsta stigi grunnskóla náms – og starfaframboð á sviði raunvísinda og tækni. <p>Verkefnið byggir mjög á áhuga og viðbrögðum skólanna. Til að framkvæma verkefnið á jafn stóru svæði og Norðurlandi eystra þá fellur til ýmis kostnaður sem SI og skólarnir geta ekki staðið undir. Um er að ræða t.d. kostnað vegna ferðalaga og viðburða sbr. sundurliðun um áætlaðan kostnað.</p>
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélögin í samstarfi við Samtök iðnaðarins.

Samstarfsaðilar	Grunn- og framhaldsskólar á svæðinu, sveitarfélög og símenntunarmiðstöðvar. Einnig verður leitað til fyrirtækja á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið sem hér er lýst hefur beina skírskotun í Aðgerðaráætlun fyrir Sóknaráætlun Norðurlands eystra (1. Menntun og mannauður), en þar segir í Framtíðarsýn: „ Á Norðurlandi eystra eru fjölbreyttir möguleikar til menntunar á öllum skólastigum. Stöðugt er unnið að umbótum sem miða að því að auka gæði skólustarfsins.“ Í Leiðarljósi segir einnig: „ Iðandi mannlíf dregur að sér fjölbreyttan mannauð. Fjölbreytt menntun á öllum skólastigum er lykill að öflugu samfélagi. Nýsköpun er leiðarljós í námi og kennslu.“</p> <p>Hvað varðar helstu áhersluatriði sem fram koma í Sóknaráætlun þá falla ofangreind verkefni vel að markmiðum um að meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun (1.1 í Aðgerðaráætlun) og eins má nefna áherslur sem fram koma í sóknaráætluninni um að efla sérstaklega iðn- og tæknigreinar sem áhugaverðan kost til náms og starfs, m.a. með samræðu/kynningu/samstarfi milli skóla og fyrirtækja (1.1.3).</p> <p>Að lokum má benda á að í kafla 1.1.4. er talað um að komið verði á heimsóknum grunnskólanemenda (9. og 10. bekkur) í fyrirtæki á svæðinu og/eða að fyrirtækin fái tækifæri til að heimsækja grunnskóla og kynna starfsemi sína og í framhaldinu er talað um að búa þurfi til virkan samstarfsvettvang milli skóla og atvinnulífs.</p> <p>Það má ljóst vera að þær verkefnaáherslur sem SI og atvinnuþróunarfélögin hafa í sameiningu mótað falla afar vel að þeim þáttum sem fram koma í Sóknaráætlun og er mikill vilji þessara aðila til að hrinda í framkvæmd þessu metnaðarfulla verkefni, fáist til þess fjármagn.</p> <p>Verkefnið hefur tengingu við eldra áhersluverkefni undir heitinu Skapandi skólastarf sem er í framkvæmd Háskólans á Akureyri. Lokaniðurstöðu úr því verkefni er að vænta.</p> <p>Nánar um verkefnið má finna á heimasíðunni: http://gert.menntamidja.is/</p>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka nemenda í viðburðum, þ.e. kynningum og starfameissum • Fjöldi GERT skóla • Fjöldi GERT fyrirtækja • Hærra hlutfall nemenda í verk- og tækninámi (mælt við upphaf og eftir lok verkefnistíma).
Lokaafurð	Greinargerð um framkvæmd og árangur verkefnisins.
Tímarammi	Verkefnið hefst haustið 2017 og standi yfir til ársloka 2019.

<p>Áætlaður kostnaður</p>	<p>Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er um 9.000.000 kr. Stærstu kostnaðarliðirnir eru áætlaðir eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Viðburðir: 1200.000.- • Rútuferðir: 1.400.000.- • Verkefnaþróun: 800.000.- • Starfsmaður: 1.700.000.- • Ferðakostnaður: 1.100.000. • Eftirvinnsla og útgáfa: 400.000.- • Kynningakostnaður: 400.000.- • Kostnaður við starfamesu 2.000.000.-
<p>Framlag úr sóknaráætlun 2017</p>	<p>9.000.000 kr.</p>